

## 9. gr.

Nú telur Siglingastofnun, að höfðu samráði við hafnaráð, að ekki megi dragast að hefja framkvæmdir vegna yfirvofandi skemmda á landi eða mannvirkjum við ströndina sem þar hafa verið reist í samræmi við skipulag, sbr. 5. gr., og skal það þá heimilt, enda komi samþykki samgönguráðuneytis til. Slíkar framkvæmdir ganga framar áætlun um sjóvarnir.

## 10. gr.

Siglingastofnun sér um greiðslur á hlut ríkissjóðs í hverju verki fyrir hönnun, eftirlit og framkvæmdir. Hlutaðeigandi sveitarfélag er ábyrgt fyrir framlagi sveitarsjóðs og landeigenda. Siglingastofnun sér um innheimtu á hlut landeigenda í kostnaði fyrir hvert verk. Kostnaðarhluta landeigenda fylgir lögveð í viðkomandi landareign og þeim mannvirkjum sem á henni standa. Siglingastofnun hefur með höndum uppgjör við verktaka.

## 11. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land er þarf til sjóvarna samkvæmt lögum þessum, svo og land til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa að tekin verði í landi hans mól, grjót og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem gerð sjóvarna hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir. Nú næst ekki samkomulag og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

## 12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

## 13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

*Gjört á Bessastöðum, 5. maí 1997.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Halldór Blöndal.*

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 145/1994,  
um bókhald, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Í fjármálaráðuneytinu skal haldin skrá yfir viðurkennda bókara. Öðrum en þeim sem teknir hafa verið á skrá er óheimilt að kalla sig viðurkenndan bókara eða með öðrum hætti gefa til kynna að þeir hafi hlotið viðurkenningu ráðherra samkvæmt þessari grein.

Sá sem óskar að fá viðurkenningu sem bókari og verður tekinn á skrá skv. 1. mgr. skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Vera heimilisfastur hér á landi.
2. Vera lögráða og hafa forræði á búi sínu.
3. Hafa staðist próf skv. 3. mgr.

Fjármálaráðherra skal hlutast til um að reglulega séu haldin námskeið og próf fyrir þá sem vilja fá viðurkenningu sem bókarar. Í viðurkenningu ráðherra felst að viðkomandi aðili hefur staðist próf í bókfærslu, helstu atriðum reikningsskila og lögum og reglugerðum um skattskil.

Til að annast námskeið og próf skipar ráðherra þriggja manna prófnefnd. Ráðherra getur, að fenginni umsögn prófnefndar, falið öðrum að annast námskeið og próf samkvæmt lögum þessum. Ákvæði um tilhögun námskeiða, námsgreinar og kennslu, svo og námskeiða- og prófagjöld skulu sett í reglugerð. Við ákvörðun á fjárhæð þeirra skal við það miðað að þau séu eigi hærri en kostnaður við námskeið og próf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 5. maí 1997.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Friðrik Sophusson.*

5. maí 1997

Nr. 30

## LÖG

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi  
skipstjórnarmanna á íslenskum skipum,  
nr. 112/1984, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist nýr liður, svohljóðandi:

D. Heimilt er að gefa út atvinnuskírteini samkvæmt eldri lögum til þeirra sem hófu nám fyrir gildistöku laga nr. 62/1995, um breytingu á lögum þessum, en þó ekki lengur en til 31. ágúst 1999.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 5. maí 1997.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Halldór Blöndal.*